



ORKUSTOFNUN

Staðsetning borholu í orlofshúsahverfi
Alþýðusambands Vestfjarða

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-86-20

STADSETNING BORHOLU Í ORLOFSHÚSAHVERFI ALÞÝÐUSAMBANDS VESTFJARÐA

Dagana 14.-17. júlí 1986 var jarðhitinn í orlofshúsahverfi Alþýðusambands Vestfjarða rannsakaður nánar og leitað að berggöngum með segulmæli. Niðurstöður eru sýndar á meðfylgjandi korti. Jarðhitinn fylgir aðallega berggangi með ANA-VSV stefnu en auk þess sprungu sem liggur hornrétt á hann upp á milli húsa nr 7 og 8 (sjá kort). Rannsóknarholan, sem boruð var s.l. haust er við þá sprungu. Hiti er einnig á rák sem liggur ANA-VSV um efstu húsin, en berggangur fannst þar ekki. Austan við orlofshúsahverfið er löng geil með NNV-SSA stefnu og í henni berggangur. Volgrur eru við hann norðan við holtið sem orlofshúsin standa undir.

Mesta og heitasta vatnið kemur upp við bergganginn neðst í orlofshúsahverfinu ($18,3^{\circ}\text{C}$, um 1 l/s). Vitað er að á þessu svæði geta gangar með ANA-VSV stefnu verið góðir vatnsleiðarar sbr. reynsluna frá Krossholtum. Halli bergganga með þessari stefnu er $82-83^{\circ}$ til norðurs. Borhola sem staðsett yrði með það fyrir augum að skera ganginn þyrfti samkvæmt því að vera 30-35 m ofan við hann ef miðað væri við 300 m djúpa holu.

Sýni var tekið úr borholunni sem boruð var í orlofshúsahverfinu s.l. haust. Efnagreining á vatninu tekur um það bil 4 vikur og verður þá send. Þess er vænst að efnagreiningin sýni hversu heitt vatn er í jarðhitakerfinu dýpra niðri. Fyrirfram er ekki búist við heitara vatni en $30-40^{\circ}\text{C}$.

Nokkuð hár þrýstingur er í þeim tveimur holum sem boraðar hafa verið á Barðaströnd (Krossholt, Flókalundur) og til þess bendir einnig hæð volgranna í landinu umhverfis Vatnsfjörð. Vonir standa því til að vatn fengist sjálfrennandi úr borholu ef boruð yrði í orlofshúsahverfinu.

Lauslega áætlað má reikna með að 300 m hola kosti 1-1,5 milljónir króna.